

Forsætisráðherra, utanríkisráðherra, ágætu ársfundargestir

Tækifærin eru ótal mörg og við höfum framtíðina í höndum okkar. Aldrei hefur mér þótt þessi hátíðlegu orð eiga jafn vel við og nú. Í mínum huga munu aðgerðir stjórnvalda og bankanna á næstu vikum og mánuðum breyta miklu um framtíðina, og þá er ég ekki endilega að tala um bankana, heldur fyrir krónu, verðbólgu, land og þjóð.

Í framtíðarlandinu mínu eru:

- Góð lífskjör
- Samkeppnishæft atvinnulíf sem eru fremst í sinni atvinnugrein á heimsmælikvarða
- Framúrskarandi menntakerfi
- Framúrskarandi heilbrigðiskerfi
- Sterkt lífeyrissjóðakerfi
- Ríkulegar auðlindir og hrein náttúra
- Friður og gott samfélag, með lítilli stéttaskiptingu

Þessi upptalning er ekkert frumleg, en hún á heldur ekki að vera frumleg. Þessir þættir eru flestir í góðum farvegi í dag, þótt betur megi ef duga skal. Miklu máli skiptir að standa vörð um það sem þegar hefur áunnist. Það verkefni getur hins vegar verið flóknara en virðist við fyrstu sýn. Eftir 35% aukningu ráðstöfunartekna á mann undanfarin tíu ár, eru nú blikur á lofti. Sömu sögu má að segja um stéttalausa samfélagið okkar.

Í framtíðinni sé ég sé fyrir mér samfélag þar sem fólk sækist eftir að búa á Íslandi. Ekki einungis þeir sem eru að flýja fátækt og stríð, heldur einnig fólk sem vill vinna hér sérfræði- og rannsóknarstörf og vonandi að nýsköpun. Ég vil að fyrirtæki sækist eftir að staðsetja sig hér á landi, af því rekstrarumhverfið sé hagstætt, innviðirnir sterkir og fólkið vel menntað og úrræðagott.

En ég vil ekki að við reynum töfralausnir eða tökum hraðákvaðanir af hræðslu við að tímabundna niðursveiflu í efnahagslífinu. Og ég má ekki til þess hugsa að við seljum orku og náttúru á undirverði, eða förum að óþörfu í undirboð á sköttum. Horfa þarf til framtíðar og ákveða stefnu, áður en við grípum til aðgerða í slíkum málum.

Tímabundin lækkun hagvaxtar má ekki verða tilefni til vanhugsaðra efnahagsaðgerða. Þegar ógn steðjar að fjármálastöðugleika landsins þarf hins vegar að grípa til skjótra viðbragða í samvinnu við Seðlabanka annarra landa. Fjármálastöðugleiki varðar alla.

Við Íslendingar erum stödd í miðju óveðri alþjóðlegrar fjármálakreppu. Það blæs að úr öllum áttum og skjólveggurinn við Arnarhól veitir takmarkað skjól.

Alþjóðleg fjármálakreppan er farin að hafa veruleg áhrif hér á landi, þrátt fyrir að íslenskir bankar hafi lítið eða ekkert átt í skuldabréfavafningum og undirmáslánum sem komu kreppunni af stað í Bandaríkjunum og Evrópu.

Íslensku bankarnir koma allir vel út á hefðbundnum mælikvörðum á styrkleika banka. Þeir eru allir með eiginfjárhlutföll langt yfir lögbundnum lágmarkum, þeir eru með góða arðsemi, sterkt og vel dreift eignarsafn og góða lausafjárstöðu. Samt eru erlendir aðilar tregir til að lána Íslendingum pening og krefjast himinhárra áhættuálaga. Ríkið kemur líka vel út, það er nær skuldlaust og undirstöður hagkerfisins eru, að mati okkar Íslendinga, afar sterkar. Samt setja erlendir aðilar spurningarmerki við það, hvort íslenska ríkið og Seðlabankinn geti veitt bönkunum þá fyrirgreiðslu sem evrópskir og bandarískir bankar fá í sínum löndum.

Flest, ef ekki öll fjármálafyrirtæki á Vesturlöndum, eiga reyndar erfitt með að fá lán um þessar mundir og kreppan er talin muna draga töluvert úr hagvexti. Áhættufælni dregur úr lánavilja og fjárfestingum, verulega dregur úr fjölgun starfa og kaupmáttaraukningu.

Íslenskir bankar fá lakari kjör en flestir aðrir vestrænir bankar. Hvað veldur?

Jú, hér á landi er margt öðruvísi en menn eiga að venjast í útlandinu. Það gerir marga fjárfesta óörugga og þeir hafa nóg annað að gera með peningana sína. Opinberar

hagtölur frá Íslandi sýna viðskiptahalla sem er yfir 15% af landsframleiðslu, brúttó skuldir þjóðarinnar mælast 630% af landsframleiðslu, verðbólga fer væntanlega yfir 10% nú í apríl, krónan hefur veikst um næstum fjórðung frá áramótum, gjaldeyrisforði Seðlabankans er lítill miðað við umsvif bankanna erlendis, heildareignir bankanna eru 9-föld landsframleiðsla og íslensku bankarnir virðast vanta lánveitanda til þrautarvara í erlendri mynt. Margir sjá ekki endilega tilganginn í að taka áhættu með svo óvenjulegu kerfi og halda sig frá landinu. Aðrir lesa gjaldþrot út úr hagtölunum og sjá tækifæri til að skortselja allt sem viðkemur Íslandi. Þótt þetta sé óþægilegt er þetta týpísk virkni fjármálamarkaða, þeirra sömu markaða sem hafa auðveldað útrás og velgengi íslensku þjóðarinnar undanfarin áratug.

Lánshæfisfyrirtækin, Moody's, Fitch og S&P, sem áður hafa lýst yfir styrk bankanna og getu stjórnvalda til að styðja við kerfið segja nú að vantrú fjárfesta erlendis sé svo mikil að íslensku bönkunum standi ógn af. Þau hafa því brugðið á það ráð að lækka lánshæfiseinkunnir bankanna og ríkisins, nú síðast í gær þegar S&P lækkaði lánshæfiseinkunn ríkisins, ekki bara í erlendri mynt – heldur líka í íslenskum krónum! Við erum sem sagt komin í hring. Vantrú markaðsaðila veldur vantrú lánshæfisfyrirtækja sem ýtir undir vantrú markaðsaðila.

Við Íslendingar erum að vonum vonsvikin. Í okkar huga er alveg ljóst að staðan hér væri allt önnur og betri ef útlendingar skyldu betur hvernig við erum vön að gera hlutina. Staðan hér er miklu betri, en opinberar hagtölur gefa til kynna. Endurskoðuð uppgjör bankanna sýna styrk þeirra svo ekki verður um villst. Stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau muni styðja við fjármálakerfið – til þrautavara.

Við höfum því öll lagt mikið á okkur við að upplýsa alþjóðasamfélagið og leggja fram gögn sem sanna styrk okkar. Sem betur fer hafa skuldatryggingaálög verið að lækka í vikunni og ég á ekki von á öðru en að okkur takist að sýna fram á styrk kerfisins áður en yfir lýkur. Þótt þessi vinna sé mikilvæg í dag, er hún að mínu mati ekki lausn fyrir framtíðina.

Jafnvel þótt við getum fengið alla útlendinga til að skilja okkar sjónarmið og okkar séríslensku aðstæður, þá er ljóst að næst þegar skellur á óróleiki á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, þá erum við í hættu á að lenda í því sama. Að óbreyttu er því

ólíklegt að áhættuálög á Ísland og íslenska banka fari alveg niður í það sem þau voru fyrir ári síðan.

Við hefðum átt að hafa lært það strax árið 2006 þegar neikvæð skrif byrjuðu erlendis um Ísland, að það skiptir ekki endilega máli hvað okkur finnst um stöðu mála, heldur hvað alþjóðakerfinu finnst. Þetta eru jú peningarnir þeirra! Ef við viljum vera hluti af því alþjóðahagkerfinu, hafa aðgang að fjármálamörkuðum og vera almennt í viðskiptum við erlenda aðila, þá farnast okkur því best ef við leikum eftir alþjóðlegum leikreglum.

Það er því ekki langtímalausn að eyða púðri í að reyna að sannfæra alþjóðasamfélagið um að okkar aðferðir séu í lagi – að hagtölur sem gætu virðst vera frá hagkerfi í stórkostlegum vanda, séu í raun tölur frá kerfi þar sem allt er í sóma. Við eigum að eyða kröftum næstu missera í að breyta því sem gerir okkur óþarflega sérkennileg og samræma því besta sem þekkist erlendis. Þannig getum við líka bætt okkar stöðu og aukið samkeppnishæfni okkar til framtíðar. Við eigum ekki að draga okkur inn í skelina og grípa til séríslenskra björgunaraðgerða, heldur að setta okkur við að hagræðing verði hæfur um sinn og nota tímann til að hagræða og gera kerfisbreytingar sem munu gagnast okkur til framtíðar. Við eigum að stefna að því að verða alvöru þátttakendur í alþjóðavæðingunni – ekki bara súkkulaðikleinur.

Áhrifin af alþjóðlegu lausafjárræðingunni eru að mínu mati meiri hér heima en virðist við í fyrstu sýn. Hún skerpir fyrir okkur framtíðarmyndina og breytir þeim spurningum sem við stöndum frammi fyrir. Valmöguleikum okkar í efnahagsmálum hefur í raun fækkað. Óbreytt ástand í peningamálum er t.d. ekki kostur í stöðunni – nema fjármálakerfið dragist verulega saman. Spurningar sem við höldum að við gætum beðið með að svara, geta ekki lengur beðið. Bið jafngildir ákvörðun um aðgerðaleyfi og við það fækkar valmöguleikum til framtíðar.

Ég er auðvitað ekki að segja neitt nýtt með því að lýsa yfir hér að óbreytt ástand í peningamálum sé afleitur kostur. Það keppast allir við að gagnrýna Seðlabanka og stjórnvöld. Margar tillögur hafa komið fram um nýtt skipulag, en margar þeirra virðast ekki byggja á neinni framtíðarsýn.

Mér finnst gagnlegt að skipta tillögunum í tvennt. Í fyrsta lagi eru tillögur sem munu styrkja íslensk sérkenni og ganga gegn þeirri skoðun minni að við þurfum að taka skref fram á við í alþjóðavæðingunni. Þeirra á meðal eru tillögurnar um:

- Að hleypa verðbólgunni í gegn – hverfa frá verðból gumarkmiðinu „tímabundið“
- Að losa okkur við útlendingana úr krónunni
- Að framlengja hagvöxt með því að drífa í að nýta orkuauðlindir
- Yfirlýsingar um útgjaldaaukningu og skattalækkunarir sem sagðar eru draga úr verðbólgu
- Einhliða upptaka evrunnar
- Einhliða upptaka „einhverrar“ stöðugari myntar
- Evruvæðing atvinnulífsins

Þessar tillögur eru að mínu mati afturhvarf til þess tíma þar sem við Íslendingar töldum best að verja sjálfstæði okkar með höftum og einangrun. Þær draga auk þess úr valkostum framtíðarinnar. Ég hef t.d. alltaf gert ráð fyrir að ef fram kæmi yfirlýsing frá stjórnvöldum um áhuga á að taka upp evru, þá kæmu strax fram jákvæð áhrif á vexti og gengi. Slík yfirlýsing yrði hins vegar mjög ótrúverðug í kjölfar þess að horfið væri frá verðból gumarkmiðinu. Alþjóðafjármálakerfið myndi ekki treysta stjórnvöldum til að grípa til þeirra aðgerða sem nauðsynlegar væru til að evruaðild yrði bærileg fyrir Íslendinga. Hér yrði því áfram hátt áhættuálag á vexti og sveiflur í krónunni. Evru valkostur stæði tæplega til boða í framhaldinu næstu 5 árin.

Tillögurnar um einhliða tengingu við aðra mynt eru að mínu mati til þess fallnar að grafa undan núverandi peningastjórn, án þess að vera raunhæfur lausn til framtíðar. Þær eru heldur ekki til þess fallnar að auka trú alþjóðahagkerfisins til íslensks fjármálakerfis, nema síður sé, því að án aðildar að Seðlabönkum viðkomandi myntar, þá vantar íslenska fjármálakerfið það bakland sem bankar þessara landa hafa. Við yrðum því að minnka bankakerfið með sölu eigna eða með því að færa höfuðstöðvar til útlanda. Það er auðvitað raunhæfur kostur, en við verðum þá að vera meðvituð um að það yrði niðurstaðan.

Hinar tillögurnar – sem eru mér meira að skapi – gera ráð fyrir að ganga lengra á þeirri braut sem við höfum fylgt frá árinu 1990. Að gera breytingar á innviðum íslensks efnahagskerfis, þannig að við getum verið fullgildir leikendur á sviði alþjóðaviðskipta. Þessar tillögur ganga út á það að taka með reglubundnum hætti á óþarfa sérkennilegheitum og auka þannig trúverðugleika kerfisins:

- Grípa þarf strax til aðgerða til að efla trú á fjármálastöðugleika á Íslandi, m.a. með því að efla gjaldeyrisforðann og ná samkomulagi við erlenda seðlabanka. Ég ætla ekki að fara í aðferðafræði - upptalningu hér, en ég fullyrði þó að íslenskir bankar þurfa ekki minna seðlabanka-bakland en erlendir bankar
- Stjórnvöld þurfa að lýsa yfir stuðningi við verðbólgaþækkni Seðlabankans. Við erum ekki með aðra skammtímakosti í stöðunni og stanslausar yfirlýsingar um gangleysi vaxtastefnu bankans dregur einmitt úr virkni vaxtanna – sem þó er nógu lítið fyrir
- Undirbúa þarf strax breytingar í Seðlabankanum. Setja þarf á stofn peningastefnuráð að alþjóðlegri fyrirmynd
 - auka þarf trúverðugleika bankans og tryggja að minni vaxtabreytingar dugi til að ná árangri
 - auka þarf þátttöku seðlabankans í opinberri umræðu. Það er ótækt að bankinn láti gagnrýni krauma svo vikum og mánuðum skiptir án þess að koma fram og endurtaka rök sín fyrir aðgerðum
- Setja fram áætlanir í efnahagsstjórn sem miða að því að ná niður vöxtum og koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Það gerir krónuna að stöðugri mynt.
- Skoða þarf af fullri alvöru aðild að Evrópusambandinu og Myntbandalagi Evrópu – slíkur undirbúningur gagnast öllum, hvort sem niðurstaðan verður já eða nei.
- Endurskoða þarf starfsemi Íbúðalánasjóðs, áður en EFTA dómstólinn krefst þess. Tryggja þarf að Íbúðarlánasjóði verði ekki falið hlutverk sem gangi þvert á aðgerðir Seðlabanka Íslands.
- Bæta þarf hagskýrslugerð, bæði hvað varðar skuldir og eignir þjóðarbúsins og þáttatekjur í uppgjöri á viðskiptahallanum. Það er alveg óþolandi að opinberar tölur skuli sýna meiri viðskiptahalla en efni standa til.

Þetta eru allt mál sem þarf að gera strax, en auk þess þarft að tryggja að auðlindir verði metnar að markaðvirði að teknu tilliti til náttúru og umhverfis og að gert verði stóráttak til að auðvelda aðlögun nýrra Íslendinga í samfélagið. Við megum ekki sofna á verðinum hér, eins og í peningamálunum, og bíða eftir því að upp komi félagsleg vandamál og stéttaskipting

Og þótt þetta sé bland í poka, þá verður þetta bragðgóð blanda að lokum:

- Bankakerfi án lánveitanda til þrautavara á sér ekki framtíð, nema í mesta lagi á innanlandsmarkaði. Jafnvel með stærri gjaldeyrisforða og stórum lánalínum við útlönd, þá getur íslenskt fjármálakerfi ekki vaxið markvert frá því sem nú er. Heldur ekki með einhliða upptöku evru. Við erum komin að ákveðnum krossgötum hér.
- Efnahagslegur stöðugleiki er forsenda þess að hingað flæði sérhæft fólk til náms og starfa
 - o Það gagnast öllum atvinnugreinum, þar með talið heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Ég fæ t.d. ekki séð hvernig við getum byggt um framúrskarandi menntakerfi án aðkomu erlendra prófessora og erlendra nemenda
 - o Við höfum svo margt að bjóða sem land og þjóð og því finnst mér líklegt að fólk vilji koma hingað og búa
- Efnahagslegur stöðugleiki er stuðningur við nýsköpun. Það er ekkert launungarmál að mörg af stóru útrásarfyrtækjunum okkar hafa ákveðið að vaxa ekki meira hér heima út af óhagstæðu gengi og efnahagssveiflum. Við viljum ekki bara halda þeim hér heima, heldur skapa skilyrði til að það komi ný fyrirtæki við hlið þeirra.

Við erum lítið land og stoðir atvinnulífsins verða alltaf fremur fáar. Við getum horfið til fyrri tíma, lokað okkur af og staðið vörð um mörg þau sérkenni sem hræða alþjóðafjárfesta og þannig haldið Íslandi sérstöku. Þetta er raunverulegt val, en það skilar að mínu mati lakari niðurstöðu; lakari lífkjörum til lengri tíma - lakara samfélagi og einangrun frá alþjóðasamfélaginu.

Opnun markaða í byrjun tíunda áratugarins hefur skapað gríðarleg tækifæri og auð hér á landi. Eftir að heimurinn varð heimamarkaður íslenskra fyrirtækja, þá hafa framfarirnar orðið gríðarlegar. Ég vil að svo verði áfram og við tökum skref fram á við – ekki til baka.

Ísland hefur fengið mikla umfjöllun og athygli erlendis. Það er ekki nokkur maður sem ekki veit um Ísland og flestir eru forvitnir. Í þessu felast mikil tækifæri, því ef rétt er með farið þá opnar þetta leiðir fyrir fyrirtæki og einstaklinga til framtíðar. Sérstaklega ef tökum skrefið fram á við.

Ef vel tekst til, þá stöndum við með pálmann í höndunum.